



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. nóvember 2019
Tilvísun: 2019010031/33

Efni: Umsögn – Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) – 123. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 17. október sl. þar sem stofunni var gefið tækifæri til að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa vísar fyrri umsagna stofunnar, dags. 27. maí 2017 og 7. júní 2019, þar sem m.a. kemur fram það sjónarmið Barnaverndarstofu að í málum þar sem lögheimilisforeldri hefur áhyggjur af öryggi og velferð barns hjá umgengnisforeldri sé fráleitt að beina aðgerðum að lögheimilisforeldri fyrir að vernda barn sitt. Hvað varðar þau tilvik þar sem um er að ræða tilhæfulausar tálmanir tekur stofan undir það sem fram kemur í frumvarpinu um að brýnt sé að koma á breyttu fyrirkomulagi þar sem foreldrum og börnum er tryggður réttur til samveru. Hins vegar lýsir Barnaverndarstofa yfir efasemdum um hvort það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu sé hentugt til að ná fram þeim tilgangi, eða samræmist við bestu hagsmunum barns, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.

Barnaverndarstofa mælir í samræmi við framangreint ekki með því að umrætt frumvarp verði samþykkt en mælir með því að velferðarnefnd Alþingis beini því til þingmannanefndar um breytingar í þágu barna sem starfar í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna, að móta tillögur til þess að unnt verði að tryggja skjóta rannsókn mála þar sem raunverulega eru áhyggjur af barni hjá umgengnisforeldri og hins vegar skjótvirkari leið til þess að koma á umgengni með því að beina aðgerðum gegn lögheimilisforeldri en ekki gegn barninu. Er Barnaverndarstofa reiðubúin að koma að slíkri vinnu verði þess óskað.

Barnaverndarstofa mælir jafnframt með því að ráðist verði sem fyrst í heildarendurskoðun bæði barnalaga og barnaverndarlaga, m.a. með það fyrir augum að skýra

verkefnasvið skv. hvorum lögum og taka með beinum hætti á því hvernig samstarf yfirvalda skv. umræddum lögum á að vera þegar verkefnin skarast. Í því sambandi veitir Barnaverndarstofa upp þeirri hugmynd að komið verði á fót sérstöku stjórnvaldi sem fari með yfirstjórn mála í þeim málaflokkum sem varða börn, s.s. skv. barnalögum, barnalögum og ættleiðingarlögum. Slíku stjórnvaldi væri m.a. hægt að fela samhæfingu mála sem nú eru til meðferðar hjá sýslumannsembættum landsins, sem sögulega séð hafa verið að sinna annars konar verkefnum en kveðið er á um í barnalögum. Slík stofnun verði til þess fallin að efla og styrkja réttindi og stöðu barna í jafn viðkvæmum málaflokkum og áður nefnd lög varða. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að jafnvel væri hægt að útvíkka hlutverk stofunnar til að koma að þessum málum með framangreindum hætti. Einnig væri hægt að skoða það hvort barnaverndaryfirvöld sveitarfélaga í breyttu þjónustukerfi ættu að sinna þessum verkefnum og Barnaverndarstofa samhæfingaraðili, enda gæti verið hagræði í því að stjórnvöld sem fyrst og fremst hafa það hlutverk að hlúa að hagsmunum barna sinni þessum málum.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. Barnaverndarstofu



Hafdis Una Guðnýjardóttir

lögfræðingur